

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 22/97
frá 30. apríl 1997**

um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

VII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 25/94 frá 2. desember 1994⁽¹⁾.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/43/EB frá 20. júlí 1995 um breytingu á viðaukum C og D við tilskipun ráðsins 92/51/EBE um annað almennt kerfi til viðurkenningar á starfsmenntun og starfsþjálfun til viðbótar tilskipun 89/48/EBE⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1a (tilskipun ráðsins 92/51/EBE) í VII. viðauka við samninginn:

„- 395 L 0043: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/43/EB frá 20. júlí 1995 (Stjtið. EB nr. L 184, 3. 8. 1995, bls. 21).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 339, 29. 12. 1994, bls. 84 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 53, 29. 12. 1994, bls.

1.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 184, 3. 8. 1995, bls. 21.

2. gr.

Í lið 1a (tilskipun ráðsins 92/51/EBE) í VII. viðauka við samninginn verða eftirfarandi breytingar á aðlögunarliðum b) og c):

- i) texti a-liðar í aðlögunarlið b) falli niður;
- ii) færslan „*Í Austurríki*“, ásamt ákvæðinu, í b-lið aðlögunarliðar b) falli niður;
- iii) færslan „*Í Austurríki*“, ásamt ákvæðinu, í d-lið aðlögunarliðar b) falli niður;
- iv) í stað orðanna „tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/38/EB“ í aðlögunarlið c) komi „tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/43/EB“.

3. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 95/43/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. maí 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 30. apríl 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

C. Day

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner